

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. mars 2026.

Mál nr. E-3402/2025:

Pol & roll ehf.

(Hafsteinn Viðar Hafsteinsson lögmaður)

gegn

Mosa byggingafélagi ehf.

(Guðmundur Ágústsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 26. mars 2026, höfðaði Pol & roll ehf., Þinghólsbraut 77, Kópavogi, 27. maí 2025, gegn Mosa byggingafélagi ehf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða skuld að fjárhæð 2.800.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 6. september 2021 til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar.
- Stefndi krefst sýknu og greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Helstu málsatvik

- Stefnandi er félag sem hefur með höndum smíðaðþjónustu. Dómkrafan mun vera til komin vegna smíðaðþjónustu sem stefnandi veitti stefnda við byggingu íbúðarhúsnæðis að Hellagötu 2, 4 og 6 í Garðabæ sem stefndi mun hafa annast fyrir húsbyggjandann. Einkum mun verkið hafa falist í vinnu við ytri klæðningu umrædds húsnæðis, auk annarra tilfallandi verka er tengdust þeirri klæðningu, svo sem að setja upp álleiðara og einangrun.
- Óumdeilt er að samið var um einingaverð milli aðila sem hafi falist í að greiddar yrðu 12.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti á fermetra og að fermetrafjöldinn hefði verið mældur sem 700 fermetrar. Heildarverðið fyrir verkefnið sem stefnandi tók að sér nam þannig 8.400.000 krónum sem greiða átti í þremur greiðslum, 2.800.000 krónur í hvert sinn. Aðilar gerðu ekki með sér skriflegan samning.

6. Fyrir liggur skjal sem ber með sér að vera útprentun tölvupósts frá 21. maí 2021 sendur frá stefnanda til stefnda. Samkvæmt efni sínu felur skjalið meðal annars í sér skriflegt tilboð um vinnu stefnanda að Hellagötu. Fram kom sú sýn að skipta mætti því verkefni að klæða húsin í sex áfanga sem myndu auðvelda að fylgjast með framvindu á hverju stigi. Þeim áföngum var lýst og tekið fram að unnt væri að senda reikninga þegar hverjum áfanga eða nokkrum áföngum væri lokið. Fyrir dómi var af hálfu stefnanda borið um að lagt hefði verið til grundvallar að senda reikning eftir framvindu í samræmi við reikningsfjárhæðir, eftir að þriðjungi verksins væri lokið, tveimur þriðju og svo þegar verkinu lyki.
7. Fyrsta greiðslan samkvæmt framansögðu að fjárhæð 2.800.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti var innt af hendi á eindaga 19. ágúst 2021 í samræmi við reikning sem dagsettur er 12. ágúst 2021. Næsti reikningur var svo dagsettur 6. september 2021 með eindaga 13. september 2021 sömu fjárhæðar. Sá reikningur er ógreiddur og tilefni máls þessa.
8. Ágreiningur er milli aðila um málsatvik í kjölfar þess að síðarnefndur reikningur var gerður.
9. Stefnandi byggir á að stefndi hefði neitað að greiða reikninginn þrátt fyrir að stefnandi hefði sannanlega innt þá vinnu af hendi sem reikningurinn endurspeglir og hefur lagt fram ljósmyndir af stöðu verksins máli sínu til stuðnings og endurrit af samskiptum forsvarsmanna stefnanda og stefnda er lúta að framgangi verksins. Við aðalmeðferð bar forsvarsmaður stefnanda að umræddar ljósmyndir væru teknar við hvort sitt tækifærið, sjö myndir hefðu verið teknar snemma í verkferlinu en þrjár síðustu myndirnar hefðu verið teknar í byrjun september 2021 þegar síðari reikningurinn var gefinn út, sem dagsettur er 6. september 2021. Samskipti þessi eru á ensku og bera með sér að vera útprentun úr rafrænu samskiptaforriti en dómurinn telur sér fært að þýða þau, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fram kemur að aðilar voru í nokkuð tíðum skriflegum rafrænum samskiptum á tímabilinu 6. september til 24. september um ýmis tæknileg málefni varðandi framkvæmd verksins. Síðarnefnda daginn innir forsvarsmaður stefnanda eftir fréttum af reikningnum (e. You have any news about the invoice?). Forsvarsmaður stefnda svarar um hæl: já ég mun greiða í næstu viku (e. Yes I will pay next week). Þremur dögum síðar, 27. september, spyr forsvarsmaður stefnda hvers vegna enginn sé að vinna við húsið og fær það svar að stefnandi hafi lokið verki og sent reikning sem stefndi hafi hunsað. Stefnandi sé því að sinna öðrum verkefnum þar sem hann fái greitt enda nauðsyn vegna rekstrarkostnaðar fyrirtækisins að tekjur berist. Forsvarsmaður

stefnanda óskaði þá eftir fundi með forsvarsmanni stefnanda samdægurs en þegar til átti að taka óskaði hann fundar næsta dag þar sem hann væri upptekinn á umræddri stundu. Forsvarsmaður stefnanda sendi um hádegi næsta dag, 28. september, orðsendingu og tilkynnti að ekki væri ástæða til fundar þar sem stefnandi væri hættur í verkinu (e. we resign). Allt það sem hefði verið unnið á því tímabili sem liðið væri frá útgáfu síðasta reiknings yrði ekki innheimt, það væri jólagjöf handa stefnda, sem var þakkað og óskað velfarnaðar og tekið fram að stefnandi biði eftir greiðslu reikningsins. Í skriflegu svari forsvarsmanns stefnda kom fram að hann yrði að fá annan verktaka í verkið og að stefnandi fengi mismuninn greiddan eftir verklok. Forsvarsmaður stefnanda ritaði forsvarsmanni stefnda orðsendingu og tók fram að þessi framgangsmáti væri ekki samrýmanlegur samningi aðila og að hann myndi fela innheimtufyrirtækinu Motus innheimtu reikningsins. Eftir frekari skrifleg samskipti þennan dag lauk þeim með hnjóðsyrðum af hálfu stefnda er lutu að gæðum vinnu stefnanda og dylgjum um ölvun við störf.

10. Hvað málsatvik snertir er á hinn bóginn byggt á því af hálfu stefnda að hann hefði á þessu tímamarki er síðari reikningurinn barst, 6. september 2021, framkvæmt úttekt á verki stefnanda. Það sem þá hefði verið leyst af hendi hefði numið þriðjungi þeirrar vinnu sem hefði falist í verkefninu. Búið hefði verið að klæða eina húshlið. Stefndi hefði jafnframt komist að því að sú vinna hefði verið illa af hendi leyst. Þar á meðal hefðu hnoð verið sett rangt í klæðninguna og áleiðarar verið skakkir. Forsvarsmaður stefnda bar um það fyrir dómi að hafa þurft að láta taka niður klæðninguna sem búið hafði verið að setja upp þar sem svo illa hefði verið að verki staðið. Stefndi hefði því óskað eftir að verkið yrði unnið að nýju. Þá gerði stefndi einnig athugasemd við viðveru starfsmanna á vegum stefnanda þar sem viðveran hefði verið takmörkuð, yfirleitt hefði vinna ekki hafist fyrr en kl. 16:00 og svo verkinu verið sinnt fram til kl. 19:00. Stundum hefði enginn mætt af hálfu stefnanda. Staðhæft er af hálfu stefnda að hann hefði gert athugasemdir við þetta sem forsvarsmaður stefnanda hefði brugðist illa við og lýst því yfir að hann væri hættur að starfa fyrir stefnda. Stefnandi hefði jafnframt lýst því yfir að hann myndi ekki hafa uppi kröfu um greiðslu reiknings þessa sem mál þetta lýtur að. Stefndi kannist ekki við að hafa fengið innheimtubréf og var um það borið að tilgreint heimilisfang á bréfunum hafi verið hjá bókara sem annast hefði um bókhaldsmálefni stefnda en stefndi hefði skipt um bókara á þessum tíma þar sem sá fyrrnefndi hefði brugðist honum. Stefndi hefði í raun talið að málinu væri lokið þar sem stefnandi hefði hlaupið frá verkinu þar sem hann

hefði ekki treyst sér til að skila verkinu sómasamlega frá sér. Eftir að stefnandi hefði farið af verkinu hefði stefndi ráðið starfsmenn til að vinna það. Þeir hefðu byrjað á því að taka klæðninguna niður sem og endurvinna allt það sem stefnandi hefði unnið enda ekki hægt að koma klæðningunni á húsið án þess að taka klæðninguna niður og setja nýtt efni í hennar stað.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

11. Krafa stefnanda er reist á þeirri fjárhæð sem eftir stóð að greiða samkvæmt samkomulagi aðila og er studd framlögðum reikningi. Hann hefði rift samningi aðila vegna vanefnda stefnda en krefði með reikningi sínum greiðslu fyrir vinnu sem innt hefði verið af hendi. Verkið hefði verið búið að tveimur þriðju hlutum og því hafi umræddur reikningur verið settur fram sem stefndi hefði skuldbundið sig til að greiða með fyrirvaralausri yfirlýsingu 24. september 2021 um að reikningurinn yrði greiddur í næstu viku. Engir fyrirvarar hafi verið settir um ástandsskoðun eða slíkt né sett út á vinnubrögð fyrir en eftir að stefnandi sagði sig frá verkinu vegna vanskila stefnda.
12. Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því sé nauðsynlegt að höfða mál til heimtu hennar. Stefnandi hafi gert tilraunir til innheimtu kröfu sinnar hjá stefnda fyrir löginheimtu. Því sé þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviðvörðun og milliinnheimtu í samræmi við framlagð yfirlit.
13. Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þar með talda vaxtavexti, styðji stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

14. Stefndi telji sig ekki skulda stefnanda vegna þessa samnings sem hafi verið gerðar. Forsenda þess að stefnandi geti gert kröfu um greiðslu sé að hann sýni fram á að hann hafi unnið það verk sem hann telji sig hafa unnið. Byggt var á því af hálfu forsvarsmanns stefnda fyrir dómi að búið hefði verið að vinna 35% af verkinu þegar hinn umþrætti reikningur var gefinn út. Engin úttekt hefði verið búin að fara fram á þeim tímamarki sem stefnandi ákvað að hætta að starfa fyrir stefnda. Stefnandi hefði ekki gert kröfu um að úttekt yrði framkvæmd, hvorki af hálfu stefnda né óskaði hann eftir að verkið yrði tekið út. Stefnandi hafi einfaldlega hlaupið frá verkinu. Því sé alfarið hafnað að stefnandi

hafi haft ástæðu eða rétt til að rifta samningi aðila einhliða með því að neita að vinna verkið.

15. Liðin séu fjögur ár frá því stefnandi hafi ákveðið að fara frá verkinu. Þótt svo fyrir liggja einhver innheimtubréf í gögnum málsins frá því í nóvember 2021 og janúar 2022 sé svo langur tími liðinn frá því að hið umþrætta verk eigi að hafa verið unnið að krafan, hafi hún verið til staðar, sé niður fallin vegna tómlætis.
16. Sé krafan ekki niður fallin vegna tómlætis verði að gera þá kröfu að stefnandi sýni fram á kröfu sína. Í því sambandi sé ekki nægjanlegt að leggja fram reikning því til sönnunar. Með þeim reikningi séu engin fylgiskjöl eða skýringar á verkinu. Þar komi einungis fram *vinna* en engin útlistun eða grein gerð fyrir því í hverju vinnan hafi verið fólgin.
17. Sú krafa verði ekki gerð til stefnda að hann tryggi sönnun fyrir stöðu verksins á þeim tíma sem stefnandi hljóp frá verkinu. Þá verði hann ekki heldur krafinn um það að leggja fram gögn um kostnað sinn við að ljúka verkinu.
18. Því sé alfarið hafnað að þær myndir sem liggja fyrir í málinu sanni eða geri sennilegt að stefnandi eigi rétt á greiðslu reikningsins úr hendi stefnda.

Niðurstaða

19. Fyrir liggur að aðilar sömdu um tiltekið verk sem fólst í að stefnandi tók að sér að klæða með utanhússklæðingu raðhúsalengju sem stefndi var með í smíðum. Af málalíbúnaði aðila má ráða að ágreiningslaust sé þeirra á milli að greiða hafi átt 12.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti fyrir hvern fermetra sem klæddur yrði og að stærðin á fletinum næmi 700 fermetrum sem felur þá í sér að heildarverðið nam 8.400.000 krónum. Fyrir liggur líka að aðilar sömdu um að umsamið endurgjald yrði greitt með þremur greiðslum, hverri að fjárhæð 2.800.000 krónur, eftir framvindu verksins.
20. Fyrsti reikningurinn sem gefinn var út var greiddur á eindaga án nokkurra athugasemda eða tafa. Næsti reikningur var gefinn út 6. september 2021 með eindaga 13. september 2021. Greiðsluskylda stefnda á fjárskuldbindingu samkvæmt þeim reikningi með hliðsjón af umfjöllun beggja málsaðila um inntak samnings sambands síns sýnist ótvíræð þegar horft er til meginreglna samninga- og kröfuréttar.
21. Fyrir liggur að stefndi greiddi nefndan reikning ekki á eindaga án þess að nokkrar athugasemdir væru gerðar í öndverðu af hans hálfu. Í raun gerði stefndi engar athugasemdir við reikninginn fyrr en eftir að stefnandi hafi sagt frá verkinu vegna vanskila stefnda. Stefndi bar ekki einu sinni fram athugasemdir fyrr en eftir að stefnandi hafði hafnað því að draga mætti greiðslu reikningsins fram að verklokum og tilkynnt að hann myndi fela inn-

heimtufyrirtæki að annast um innheimtu reikningsins. Þá fyrst gerði stefndi athugasemdir um að ágallar væru á verki stefnanda og verkið skemmra á veg komið en stefnandi byggði á.

22. Stefndi hefur ekki stutt þessar staðhæfingar sínar neinum gögnum eða vitnisburðum. Vissulega er langur tími liðinn frá því að umrædd málsatvik gerðust en strax í kjölfar þess að stefnandi sagði sig frá samningssambandi sínu við stefnda gerði hann stefnda grein fyrir því að hann myndi fela innheimtufyrirtæki heimtu kröfu sinnar. Fyrir liggja afrit innheimtubrifa frá því fyrirtæki sem send voru stefnda ítrekað á rétt skráða starfsstöð stefnda á næstu mánuðum. Skiptir því ekki máli þótt forsvarsmaður stefnda kannaðist ekki við að þessi bréf hefðu borist enda upplýst fyrir dómi að á skráðu heimilisfangi rak bókarí sem stefndi keypti þjónustu af þjónustu sína. Fyrir liggur að við aðstæður sem þessar eru ekki forsendur til annars, með vísan til dómaframkvæmdar, en að leggja til grundvallar að bréf þessi hafi borist, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 81/1985 frá 1986 á blaðsíðu 1121 í dómasafni réttarins það ár.
23. Í framangreindu ljósi gafst stefnda fullt tilefni til strax í öndverðu að gaumgæfa réttarstöðu sína gagnvart stefnanda og halda gögnum og upplýsingum til haga um að stefnandi hefði staðið með ófullnægjandi hætti að efndum samningssambands aðila, hefði sú verið raunin. Slík sönnun liggur ekki fyrir. Því eru engar forsendur til að fallast á þann mála-tilbúnað stefnda að krafa stefnanda sé fallin niður vegna ágalla á verki eða fyrir tómlætissakir. Krafa stefnanda var hvorki óljós né grundvöllur hennar eða fjárhæð, enda í samræmi við samning aðila. Enginn vafi lék því á skuldbindingargildi kröfu stefnanda nema ef vera kynni að stefndi hefði réttmæta ástæðu til að ætla að greiðslan að hluta eða öllu leyti ætti ekki rétt á sér vegna vanefnda af hálfu stefnanda. Gegn mótmælum stefnanda verður þannig að telja ósannað að stefndi hafi haft slíka lögmæta ástæðu til að hafna greiðsluskyldu á reikningnum. Verður krafa stefnanda því tekin greina eins og hún er sett fram.
24. Eftir þessum málsúrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða málskostnað stefnanda eins og greinir í dómsorði, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
25. Hafsteinn Viðar Hafsteinsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Guðmundur Ágústsson lögmaður fyrir stefnda.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Mosi byggingafélag ehf., greiði Pol & roll ehf. 2.800.000 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 6. september 2021 til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda 1.200.000 krónur í málskostnað.

Björn L. Bergsson